



Kæri nemandi, velkominn í MH.

Umsókn þín um skólavist hefur verið samþykkt og viljum við bjóða þér skólavist hjá okkur frá og með haustönn 2021.

Nám sem þú hefur tekið í öðrum skólum verður metið eins og hægt er miðað við okkar áfanga í MH. Endilega sendu okkur póst eða komdu í heimsókn ef það eru einhverjar spurningar sem brenna á þér. Venjan er sú að við veljum á þig áfanga fyrir haustið miðað við stöðu þína í námi. Ef þú hefur ákveðnar óskir um áfanga þá getur þú skoðað áfangaframboðið á heimasíðu skólans undir [námið](#) og komið upplýsingum til okkar sem fyrst með því að svara þessum pósti. Við gætum haft þær upplýsingar til viðmiðunar þegar við veljum áfanga fyrir þig.

Nánari upplýsingar um greiðslu skólagjalda og byrjun næstu annar færðu í pósti síðar í júní. Upplýsingar koma einnig inn á heimasíðu skólans þegar nær dregur skólabyrjun. Sjáumst á kynningarfundum fyrir nýnema haustannar 2021 sem haldinn verður 18.ágúst.

*Ef þú ætlar ekki að þiggja skólavist hjá okkur næsta haust þá biðjum við þig um að láta okkur vita með því að svara þessum pósti.*

Kv Helga Jóhannsdóttir, konrektor